

Textar



**HARMONÍU
KÓRINN**

Árbæjarkirkja - 3. maí 2022

Útg. 5

Húrrakórinn

Húrra! Húrra !
já lífið er leikur
og leikur er kveikur
að lukku tralla la
Húrra! Húrra !
það má ekki missast
að kætast og kyssast
húrra og tralla la

Ert þú, ert þú,
ei til í tuskið? Jú!
Því ei skal leynd
að lífið eina'
er líf á líðandi stund
og nóttin brennur
njótum hennar
létt í lund.

Vel er mætt til vinafundar

Vel er mætt til vinafundar,
vel sé þeim, er sjá og skilja,
|:hvað vor eining mikils má:|
Sjáið upptök sællar stundar,
sjáið margra kraft og vilja
|:steypast fram sem straum í á:|

Eitt er markið, ein er leiðin,
ekkert skilur þeirra vegi
|:er því sama ætla' að ná:|
Þótt oss skildi hábrýnd heiðin,
heyrðum vér á hverjum degi
|:hver í öðrum hjartað slá:|

Jón Trausti

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi, nafni minn“.

Þjóðvísa

Í furuskóginum

S A:

|: Þinn andblær ferska angan ber
og ilm sem fylltur töfrum er,
hann stillt um skóginn streymir,
stillt um furuskóginn streymir,
já :| :| :|
og ilm sem töfrandi´ er,
þar lindin dansar létt og skær
svo létt og skær
þar líður áin hljóð og tær
|:og ljúfa drauma dreymir:|.

T B:

Þinn andblær ferska angan ber
og ilm sem fylltur töfrum er,
hann stillt um skóginn streymir,

T:

|:þar lindin dansar létt og skær:|
þar líður áin hljóð,
svo hljóð og tær
|:og ljúfa drauma dreymir:|.

B:

þar lindin dansar létt og skær
svo létt og skær
þar líður áin hljóð og tær,
|:og ljúfa drauma dreymir:|.

Kristín Jóhannesdóttir

Orðin mín

[Einhvern] tímann, ef til vill
og óralangt frá þessum stað
mun ástin hörfa heim til þín
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Og þá er rétt að rifja upp orðin mín.
Þau eru stirð. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu' að síður alltaf bíða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar?
Og hvernig geymist allt sem var?
Mundu' að hvar sem hjartað slær
hamingjan er oftast nær.

Og einmitt þá
..... bíða þín
Ú---

Einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Og þá er rétt að rifja upp orðin mín.
Þau eru stirð. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
|:Þau munu engu' að síður alltaf bíða þín.:|

Bragi Valdimar Skúlason

Sanctus úr Messu nr. 3 Esti Missa

Sanctus, Sanctus, Dómínus Deus,
heilagur allsherjar Drottinn, Drottinn.
Sanctus, Sanctus, Dómínus Deus
Sanctus, Dómínus Deus.

|:Himinn og jörð af dýrð þinni full, Hósianna í hæðum.:|

Sanctus, Sanctus, Dómínus Deus
heilagur allsherjar Drottinn.

|:Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins:|

|:Hósianna í hæðum, Hósianna í hæðum:|.

Sanctus, Sanctus, Dómínus Deus
heilagur allsherjar Drottinn, Drottinn.
Sanctus, Sanctus, Dómínus Deus
heilagur allsherjar Drottinn.

Írsk fararbæin

Verði þér gatan greiðfær,
megi golan æ þér veita byr,
skíni ljósið sólar sælt þér mót,
hið svala regn þinn döggi garð,
þar til saman liggur leið,
vor saman liggur leið
þá haldi í sinni mildu hönd.

Kristín Jóhannesdóttir

Drottinn, ég er þess eigi verður

Drottinn, ég er þess eigi verður
að þú gangir undir þak mitt.
En seg það aðeins með orði,
þá mun sál mín verða heil.

Drottinn, ég er þess eigi verður
að þú gangir inn til mín.
En seg það með einu orði,
þá mun sál mín verða heil.

Verða heil að nýju.

Amen.

Kristján Valur Ingólfsson

Dans og drikk

S A:

Dans, dans med oss,
for ung er ennå dagen.
Gledens beger er ei ennå tömt.
Så lenge vi har vin,
så lenge dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

T B:

Dans, drik, dans og drik,
for ung er ennå dagen.
Gledens beger, gledens beger ei er tömt.
Vin, vin, vin, vin, vin,
så lenge dansen, dansen går,
så er vi glad,
så lenge er vi glade.

.

Fallegur dagur

Veit ekki hvað vakti mig,
vil liggja um stund.
Togar í mig tær birtan,
lýsir mína lund.

|:Þessi fallegi dagur:| A---

Íslenskt sumar og sólin,
syngja þér sitt lag.
Þú gengur glöð út í hitann,
inn í draumbláan dag.

|:Þessi fallegi dagur:| A---

|:Þessi fallegi dagur:| A---

Mávahvít ský dormar dofið
inn í draum vindsins er það ofið,
hreyfist vart úr stað.
Konurnar blómstra brosandí sælar,
sumarkjólar, háir hælur,
kvöldið vill komast að.

|:Þessi fallegi dagur:|

|:Þessi fallegi dagur:| A---

|:Þessi fallegi dagur:| |:A---:|

Bubbi Mortens

Kvöldið er fagurt

Kvöldið er fagurt, sól er sest
og sefur fugl á [fugl á] grein.
Við skulum koma vina mín
og vera saman [saman] ein.
Ég þekki fagran lítinn lund
hjá læknum upp við foss.
Þar sem að gróa gullin blóm
þú gefur heitan koss.

Þú veist að öll mín innsta þrá
er ástarkossinn [kossinn] þinn,
héðan af aðeins yndi ég
í örmum þínum [þínum] finn.
Ég leiði þig í lundinn minn,
mín ljúfa, komdu nú.
Jörðin þó eigi ótal blóm,
mín eina rós ert þú.

Ingólfur Þorsteinsson

Máninn fullur

S / T B:

Máninn fullur fer um geiminn
fagar, langar nætur.
Er hann kannski' að hæða heiminn
hrjáðan sér við fætur.
Fullur oft hann er,
það er ekki fallett,
ó nei, það er ljótt
að flækjast hér og flakka þar
á fylleríi' um nætur.

A T B:

Máninn fer um fagar nætur,
hæðir heiminn sér við fætur.
Fullur er hann, það er ljótt
að flakka hér og þar um nætur.

S A:

Máninn fullur fer,
hrjáðan fætur sér.
Fullur er fallett, ó nei,
flakka þar um nætur.

Jón Óskar

Þakkarstef

|: Skál, skál, skál! Við boðið þökkum þér. :|

Hollt er vini heim að sækja,
hefja gleði mál.
Vináttuna viljum rækja,
vinir, segjum skál.

|: Skál, skál, skál! Við þökkum þetta boð. :|

|: Lifðu svo lengi og vel ! :|

Húrra!, Húrra!, Húrra!

Bjarni Stefán Konráðsson